Reykjavík, 11. nóvember 2021
RMF21110001
0.5.2

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

***Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2021-2030 - List og menning í Reykjavík 2030***

Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2021-2030, List og menning í Reykjavík var lögð fyrir menningar-, íþrótta- og tómstundaráð þann 8. nóvember 2021. Stefnan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Huld Ingimarsdóttir
starfandi sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs



# List og menning í Reykjavík 2030

Menningarstefna Reykjavíkurborgar

2021–2030

**List og menning í Reykjavík 2030**

Menningarstefna Reykjavíkurborgar

2021–2030

**Útgefandi:** Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
**Ábyrgðarmaður:** Arna Schram
**Ritstjórn:** Sif Gunnarsdóttir og Signý Leifsdóttir
**Aðstoð við textagerð:** Hildur Knútsdóttir
**Hönnun og umbrot:** Bjarney Hinriksdóttir - Baddydesign
**Stýrihópur:** Hjálmar Sveinsson, Ellen J. Calmon, Erling Jóhannesson, Arna Schram, Jórunn P. Jónasdóttir fór í fæðingarorlof á miðju tímabili og Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir tók hennar stað.
**Starfsmenn stýrihóps:** Sif Gunnarsdóttir og Arna Kristín Sigfúsdóttir
**Verkefnastjóri stefnumótunar:** Signý Leifsdóttir

**Allir íbúar borgarinnar hafi jöfn tækifæri til að njóta og vera sýnilegir í menningar- og listalífinu, bæði sem þátttakendur og neytendur.**

# Efnisyfirlit


List og menning í Reykjavík 2030 ... 3
Framtíðarsýn ... 5
Stuðningur við menningu og listir árið 2021 ... 6
Menningarstefna Reykjavíkurborgar ... 10
Hugtakanotkun ... 10
Ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum ... 13
1. Reykjavíkurborg gerir öllum íbúum borgarinnar kleift að njóta lista og menningar á öllum æviskeiðum ... 13
2. Fjölbreyttar menningarstofnanir borgarinnar gegna lykilhlutverki í framkvæmd menningarstefnunnar ... 14
3. Menningarlíf Reykjavíkur endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins ... 14
4. Menning og listir í Reykjavíkurborg eru inngildandi og aðgengilegar öllum ... 15
Reykjavík — borg sem listafólki þykir gott að búa og starfa í ... 18
5. Listin er frjáls og auðgar líf okkar ... 19
6. Listir eru mikilvæg atvinnugrein í Reykjavíkurborg ... 19
7. Reykjavíkurborg er alþjóðleg borg lista ... 19
Menning og listir í öllum hverfum borgarinnar ... 22
8. Menning, listir, hönnun og arkitektúr auka lífsgæði borgarbúa og eru lykilþættir borgarþróunar ... 22
9. Reykjavíkurborg styður við staðbundna hverfamenningu sem íbúar hafa frumkvæði að ... 22
10. Menning og listir eru mikilvægur þáttur í grænum áherslum borgarinnar ... 23
Innleiðing stefnu ... 25
Þátttakendur í samráði ... 26




# List og menning í Reykjavík 2030

Reykjavík er menningarborg. Hún býr yfir mjög frjórri listasenu og öflugu menningarstarfi. Fyrir vikið verður til ríkidæmi sem við njótum öll. Það er geysimikilvægt. Líf okkar verður innihaldsríkara, fjölbreyttara, skemmtilegra. List og menning eru snar þáttur í lífsgæðum okkar og um leið mikilvægir drifkraftar í þróun samfélagsins.

Það er auðvelt að slá um sig með orðinu „menningarborg". En til að borgin standi undir þeirri nafnbót þarf margt að koma til. Það er grundvallaratriði að „allir íbúar hafi jöfn tækifæri til að njóta lista, menningar og menningararfs bæði sem þátttakendur og neytendur". Enginn má vera útilokaður. Það er rauður þráður í þessari menningarstefnu.

Annað meginstef stefnunnar felst í því að í Reykjavík séu framúrskarandi aðstæður til listsköpunar. Það á að vera eftirsóknarvert fyrir listafólk að búa í Reykjavík, hvort sem það er innlent eða erlent, annars stendur hún ekki undir nafni sem menningarborg. Einn liður í því er að Reykjavíkurborg borgar listafólki fyrir að sýna í söfnum sínum.

Nauðsynlegt er að halda því til haga að menning og listir eru mikilvæg atvinnugrein sem fjölmargir starfa við. Listsköpun byggir oft á rannsóknum sem skapa nýja þekkingu og nýja sýn á hlutina. Listsköpun á því margt sameiginlegt með frumrannsóknum.

Í stefnunni er lögð áhersla á að listin sé frjáls og að allir hafi frelsi til listrænnar tjáningar. Listin hefur gildi í sjálfri sér. Styrkir borgarinnar, sem eru umtalsverðir, eiga að stuðla að eflingu listgreinanna á þeirra eigin forsendum.

Segja má að í stefnunni sé bæði horft út á við og inn á við. Lögð er áhersla á hverfamenningu og sett fram sú framtíðarsýn að öll hverfi borgarinnar verði suðupottur menningar og lista. Um leið er áréttað að Reykjavík eigi að verða heimsþekkt menningarborg.

Af hverju menningarstefna? Jú, hún gerir meðal annars listafólki og þeim sem reka menningarstofnanir kleift að hafa áhrif á hvaða markmiðum skuli stefnt að næstu árin og til hvaða aðgerða skuli gripið til að ná settu marki. Menningarstefnan byggir á víðtæku samráði við fulltrúa allra listgreina, menningarstofnana og félaga sem borgin styrkir. Stefnan brýnir borgaryfirvöld til að leggja metnað í að skapa sem bestar aðstæður fyrir listsköpun og öflugt menningarstarf. Hún lýsir markmiðum og gerir grein fyrir hvernig þessum markmiðum skuli náð.

Hjálmar Sveinsson
formaður menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur




# Framtíðarsýn

Menningarstefna Reykjavíkurborgar hefur það að markmiði að árið 2030 hafi allir íbúar jöfn tækifæri til þess að njóta lista, menningar og menningararfs bæði sem þátttakendur og neytendur. Lista- og menningarlíf borgarinnar á ekki að vera einsleitt heldur endurspegla hið fjölbreytta mannlíf borgarinnar. Reykjavíkurborg stefnir á að í borginni verði framúrskarandi aðstæður til listsköpunar og að Reykjavík verði borg sem listafólk sækist eftir að búa og starfa í. Reykjavík á að verða þekkt menningarborg um heim allan og ferðamenn komi hingað gagngert til þess að upplifa reykvíska list og menningu.

Öll hverfi borgarinnar eiga að vera suðupottur lista og menningar sem endurspegla sérstöðu og sögu hvers borgarhluta. Allir íbúar borgarinnar skulu hafa jöfn tækifæri til þess að taka þátt í og njóta menningar og lista í sínu nærumhverfi.



# Stuðningur við menningu og listir árið 2021

Menningarstefna Reykjavíkur gildir til ársins 2030. Reykjavíkurborg styður nú þegar við menningu og listir á fjölmarga vegu. Borgin rekur þrjú söfn; Borgarbókasafn, Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn Reykjavíkur sem eru hýst í 16 húsum víðs vegar um borgina. Þá hefur Reykjavíkurborg einnig lagt sérstaka áherslu á að styðja við bókmenntir og tónlist með sérverkefnunum Tónlistarborginni Reykjavík og Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO. Þar að auki styður borgin við rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands, tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu og Leikfélags Reykjavíkur.

Fjölbreyttir viðburðir og hátíðir fara fram í borginni á ári hverju. Reykjavíkurborg stendur fyrir ýmsum viðburðum og ber þar helst að nefna hátíðirnar Menningarnótt, Vetrarhátíð, 17. júní og Barnamenningarhátíð. Þar að auki styður borgin 15 aðrar hátíðir og tónleikaraðir með samstarfssamningum til tveggja eða fleiri ára. Reykjavíkurborg er með fjölda annarra samstarfssamninga við hin ýmsu menningarfélög, listrými og listahópa. Árlega eru veittir styrkir til sjálfstæðra listamanna og -hópa.



# Menning í Reykjavík

- Tónlist
- Myndlist
- Sviðslistir
- Bókmenntir
- Kvikmyndir
- Hönnun og arkitektúr
- Þverfagleg list
- Þátttökuhátíðir
- Menningararfur

## Menningarrými

### Sviðslista-/viðburðarými

- Tjarnarbíó
- Mengi
- Iðnó

### Kvikmyndahús

- Bíó Paradís

### Sýningarrými myndlistar

- Harbinger sýningarrými
- Nýlistasafnið
- Kling & Bang

### Vinnustofur/æfingarými

- Dansverkstæðið
- Myndhöggvarafélagið í Reykjavík
- Sjónlistamiðstöðin Korpúlfsstöðum

## Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar

### Listasafn Reykjavíkur

- Hafnarhús
- Kjarvalsstaðir
- Ásmundarsafn

### Borgarsögusafn

- Árbæjarsafn
- Landnámssýning
- Ljósmyndasafn Reykjavíkur
- Viðey
- Sjóminjasafn

### Borgarbókasafn

- Menningarhús Grófinni
- Menningarhús Kringlunni
- Menningarhús Gerðubergi
- Menningarhús Spönginni
- Menningarhús Árbæ
- Menningarhús Úlfarsárdal
- Bókabíllinn Höfðingi

## Tónlistarhópar

- CAPUT
- Kammersveit Reykjavíkur
- Schola Cantorum
- Stórsveit Reykjavíkur

## Sérverkefni

- Bókmenntaborg UNESCO
- Tónlistarborgin Reykjavík

## Stærri rekstarsamningar

- Leikfélag Reykjavíkur
- Sinfóníuhljómsveit Íslands
- Harpa

## Ferðasjóðir

- Talía
- Muggur

## Hátíðir og viðburðir

### Hátíðir Reykjavíkurborgar

- 17. júní
- Vetrarhátíð
- Menningarnótt
- Barnamenningarhátíð
- Tendrun friðarsúlu
- Aðventan í Reykjavíkurborg
- Listahátíð

### Borgarhátíðir

- Hinsegin dagar
- Iceland Airwaves
- RIFF - Reykjavík International Film Festival
- Hönnunarmars
- Reykjavík Dance Festival
- Myrkir músíkdagar

### Samstarfshátíðir

- Sequences myndlistarhátíð
- Bókmenntahátíð
- UNGI og EGGIÐ - Alþjóðleg sviðslistahátíð ASSITEJ
- Tónleikaröð Jazzklúbbsins Múlans í Hörpu
- List án landamæra
- Jazzhátíð
- Óperudagar í Reykjavík

Staðan árið 2021. Stofnanir reknar af menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, rekstrarstyrkir og samstarfssamningar til tveggja eða fleiri ára.

# Menningarstefna Reykjavíkurborgar

Menning og listir hafa fjölmarga snertifleti við ólíka geira samfélagsins. Það eru því hin ýmsu svið borgarinnar sem koma að verkefnum á sviði lista og menningar, en lang flest eru verkefnin þó á sviði menningar- og ferðamála. Þau verkefni má finna í aðgerðaáætlun menningarstefnunnar. Önnur málefni er viðkoma listum og menningu en falla undir önnur svið borgarinnar má finna í stefnum viðkomandi sviða.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru höfð að leiðarljósi við gerð menningarstefnunnar og eru aðgerðir í aðgerðaáætlun skilgreindar út frá því hvaða markmið þær styðja við.

Menningarstefnan er æðsta stefna borgarinnar í menningarmálum. Málefni sem eru sértæk fyrir menningarstofnanir borgarinnar eru ekki í aðgerðaáætlun menningarstefnu, þau má finna í stefnum og starfsáætlunum viðkomandi starfseininga. Þær stefnur eru undirstefnur menningarstefnunnar og taka mið af megináherslum hennar.

# Hugtakanotkun

Í menningarstefnu Reykjavíkurborgar eru hugtökin menning og listir notuð í víðu samhengi og vísa til þeirra málefnasviða sem tilheyra menningarhluta menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar. Undir sviðið falla málefni menningararfs, listgreina, hönnunar og arkitektúrs sem og viðburða. Miðað er við skilgreiningu UNESCO á skapandi greinum og horft er til stofnunar nýs rannsóknarseturs skapandi greina á Bifröst og vinnu þeirra við skilgreiningu á hugtakinu á næstu árum.

Hugtakið aðgengi er vel þekkt, en rétt er að taka fram að hér er átt við aðgengi í víðu samhengi, þ.e. ekki einungis sem aðgengi að mannvirkjum og samgöngum heldur einnig aðgengi að upplýsingum og samskiptum. Hugtakið inngilding er hins vegar nýrra hugtak, en það er íslensk þýðing á enska orðinu inclusion. Inngilding felur í sér að fólki sé tryggður aðgangur sem annars gæti verið útilokað eða jaðarsett frá tækifærum eða úrræðum.








4 MENNTUN FYRIR ALLA

10 AUKINN JÖFNUÐUR

# Ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum

## 1. Reykjavíkurborg gerir öllum íbúum borgarinnar kleift að njóta lista og menningar á öllum æviskeiðum

1.1 Menningarlíf borgarinnar á að standa öllum opið þannig að hver og einn skynji hlutdeild sína í menningarlífinu, geti tekið þátt í því á eigin forsendum og allir hafi jafnt aðgengi. Lögð er rækt við að allir einstaklingar vaxi, dafni og uni sér saman.

1.2 Reykjavíkurborg leggur sérstaka áherslu á barnamenningu og að öll börn í Reykjavík taki þátt í og hafi aðgang að menningu og listum.

1.3 Söfn og menningarstofnanir vinna að sameiginlegum áætlunum um hvernig best er að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklinga og hópa með það að markmiði að auka aðgengi og inngildingu enn frekar.

1.4 Aðgengi að menningararfi eru lífsgæði og grundvöllur þekkingar, virðingar og aukins skilnings á fortíð og samtíð. Reykjavíkurborg leggur rækt við verndun menningararfs og tryggir öllum aðgengi að honum svo fólk fái hans notið.

*Aðrar stefnur sem vísað er í: Frístundastefna, Menntastefna*



## 2. Fjölbreyttar menningarstofnanir borgarinnar gegna lykilhlutverki í framkvæmd menningarstefnunnar

2.1 Menningarstofnanir borgarinnar sinna starfi sínu af fagmennsku og metnaði með gæði, nýsköpun og samtal við samfélagið að leiðarljósi. Þær eru grunnstoðir borgarinnar í miðlun á listum, menningu, menningararfi og þekkingu.

2.2 Menningar- og ferðamálasvið er leiðandi á sviði viðburðahalds í borginni. Sviðið undirbýr, skipuleggur og framkvæmir lykilviðburði Reykjavíkurborgar í samstarfi við fjölbreyttan hóp hagaðila.

2.3 Borgin markar sér sérstöðu með verkefnunum Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og Tónlistarborginni Reykjavík.

## 3. Menningarlíf Reykjavíkur endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins

3.1 Reykjavíkurborg á í virku samtali við íbúa um listir og menningu. Sérstaklega er litið til þess að ná til fólks með ólíkan tungumála- og menningarbakgrunn sem og til viðkvæmra og jaðarsettra hópa.

3.2 Menningarstofnanir leggja áherslu á fjölbreytileika og gegna fjölþættu hlutverki sínu á metnaðarfullan hátt. Þær eru mikilvægur hluti af daglegu lífi íbúa og veigamikill þáttur í upplifun þeirra gesta sem sækja borgina heim.

3.3 Áhersla er lögð á að styðja við sjálfstæð menningarverkefni sem stuðla að fjölbreytni og inngildingu viðkvæmra og jaðarsettra hópa.

*Aðrar stefnur sem vísað er í: Græna planið*

## 4. Menning og listir í Reykjavíkurborg eru inngildandi og aðgengilegar öllum




4.1 Allir íbúar Reykjavíkurborgar taka þátt í menningu og listum. Áhersla er lögð á inngildingu allra í samfélaginu, bæði sem þátttakendur og neytendur.

4.2 Upplýsingar um tækifæri og stuðning í menningu og listum eru aðgengilegar öllum. Viðburðir og annað framboð í menningar- og listalífi borgarinnar er sýnilegt á miðlum sem ná til fjölbreytts hóps.

4.3 Menningarstefna Reykjavíkur tekur mið af Mannréttindastefnu Reykjavíkur hvað varðar inngildingu, örugg rými og aðgengi allra borgarbúa.

*Aðrar stefnur sem vísað er í: Mannréttindastefna*

> Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.
> *– Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar*






8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR

9 NÝSKÖPUN O UPPBYGGING

# Reykjavík — borg sem listafólki þykir gott að búa og starfa í

## 5. Listin er frjáls og auðgar líf okkar

5.1 Listafólk hefur frelsi til listrænnar tjáningar. Listin er alls staðar nálæg, óháð formlegum rýmum og hluti af daglegu lífi í borginni. List vekur ýmis hughrif, hreyfir við hugmyndum og hneykslar jafnvel. Hún gleður og hristir upp í fólki.

5.2 Listin er ekki miðstýrð og hefur gildi í sjálfri sér. Reykjavíkurborg skapar svigrúm fyrir óvænta þróun og kraftmikinn vöxt í listum.



## 6. Listir eru mikilvæg atvinnugrein í Reykjavíkurborg

6.1 Menningarstofnanir borgarinnar leggja áherslu á að listafólk fái sanngjörn laun fyrir vinnu sína.

6.2 Reykjavíkurborg leitar lausna á varðveislu menningarverðmæta stofnana borgarinnar til framtíðar.

6.3 Stutt er við faglegt umhverfi lista með því að efla listrými, vinnustofur og aðra aðstöðu listafólks og skapandi framleiðenda.

6.4 Reykjavíkurborg mun auðvelda og auka aðgengi listrænnar starfssemi að ónýttu húsnæði víða í borginni, bæði í einkaeigu sem og húsnæðis sem borgin hefur til umráða.

6.5 Styrkir borgarinnar stuðla að eflingu listgreinanna á þeirra eigin forsendum. Sérstök áhersla verður lögð á að auðvelda aðgengi ungs listafólks, og listafólks sem tilheyrir jaðarhópum, að styrkjum.

6.6 Áhersla er lögð á þróun og stuðning við sjálfbæra klasa þar sem hvatt er til samnýtingar og skapandi fólk sækir stuðning hvert til annars. Reykjavíkurborg styður við listir og skapandi greinar með áframhaldandi þróun skapandi þorps í Gufunesi.

6.7 List- og menningarstarfsemi er efld með auknu samstarfi menningarstofnana, aðila sem starfa innan lista og menningar og annarra viðeigandi samstarfsaðila.

*Aðrar stefnur sem vísað er í: Atvinnu- og nýsköpunarstefna, Græna planið*

## 7. Reykjavíkurborg er alþjóðleg borg lista

7.1 Reykjavíkurborg er borg lista og laðar að sér listafólk og njótendur lista og menningar frá öllum heimshornum.

7.2 Áhersla er lögð á að efla samstarf innanlands og á alþjóðavettvangi í listum. Stofnanir, viðburðir og verkefni borgarinnar í listum leggja rækt við alþjóðlegt samstarf.

7.3 Borgin styður við sjálfstæð verkefni sem efla alþjóðlegt samstarf liststarfsemi í Reykjavík.


NEYZLAN

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

# Menning og listir í öllum hverfum borgarinnar

## 8. Menning, listir, hönnun og arkitektúr auka lífsgæði borgarbúa og eru lykilþættir borgarþróunar

8.1 Menning og listir eru sýnilegar og aðgengilegar í öllum hverfum Reykjavíkur.

8.2 Hlúð er að menningarverðmætum og sögu hvers borgarhluta með mannvænt umhverfi að leiðarljósi.

8.3 Listir, menning, hönnun og arkitektúr eru lykilöfl í uppbyggingu hverfa Reykjavíkurborgar og stuðla að auknum lífsgæðum íbúa.

## 9. Reykjavíkurborg styður við staðbundna hverfamenningu sem íbúar hafa frumkvæði að

9.1 Starf menningarstofnana í hverjum borgarhluta tekur mið af þörfum nærsamfélagsins.

9.2 Hlúð er að uppbyggingu og dreifingu menningar og lista í hverfum borgarinnar. Reykjavíkurborg stuðlar að skapandi hugsun með því að skapa rými fyrir hið óvænta og ótamda í þéttbýli.

*Aðrar stefnur sem vísað er í: Græna planið*

## 10. Menning og listir eru mikilvægur þáttur í grænum áherslum borgarinnar

10.1 Við uppbyggingu grænna svæða, almenningsgarða og útivistarsvæða er ávallt gert ráð fyrir rými ætlað menningu og listum. Auðvelt aðgengi að aðstöðu og upplýsingum um hvernig má nýta hana er tryggt.

10.2 Sett eru umhverfismarkmið fyrir menningarstofnanir og viðburði Reykjavíkurborgar og unnið að vistvænum lausnum í rekstri.

10.3 Reykjavíkurborg fræðir þá sem fá styrki fyrir list- og menningarstarfsemi um hvernig má draga úr vistfræðilegu fótspori og hvetja þá til að tryggja sjálfbærni í rekstri.

*Aðrar stefnur sem vísað er í: Græna planið*







# Innleiðing stefnu

## Kostnaðarmat, ábyrgð og árangursmælikvarðar

Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð gerir tillögu til borgarráðs um menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Sviðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmd hennar. Aðrar stefnur menningarstofnana og verkefna innan sviðsins skulu hafa menningarstefnuna að leiðarljósi og aðgerðum sviðsins forgangsraðað með hliðsjón af framtíðarsýn og markmiðum hennar.

Til að tryggja framgang stefnunnar verður samhliða lögð fram aðgerðaáætlun til þriggja ára með kostnaðarmati, tímasetningum, mælikvörðum um árangur og ábyrgðaraðilum. Aðgerðirnar eru afrakstur víðtæks samráðs fjölmargra aðila við mótun stefnunnar.

Aðgerðaáætlunin skal endurskoðuð árlega með hliðsjón af fjárhagsramma sviðins. Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð fær fjárhagsramma frá borgarráði og felur sviðsstjóra að úfæra aðgerðir í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun ráðsins.

Þegar stefnutíminn er hálfnaður, árið 2025, skal endurskoða stefnuna í heild sinni og uppfæra eftir því sem við á. Þjónustukönnun og skorkort menningar- og ferðamálasviðs er haft til hliðsjónar við endurskoðun á aðgerðaáætlun og nýtt til mælinga á markmiðum.

Menningarstefnan gildir til ársins 2030 og skal byrja samráðsferli í september 2028 og leggja fram nýja stefnu til samþykktar í september 2029.

Ef breytingar verða á umsýslu menningarmála Reykjavíkurborgar vegna endurskipulagningar á fagsviðum borgarinnar skal tafarlaust endurskoða menningarstefnuna og aðgerðaáætlunina með tilliti til orðalags og ábyrgðar.

# Þátttakendur í samráði

Achola Otieno
Aðalbjörg Árnadóttir
Aðalheiður Santos Sveinsdóttir
Aldís Snorradóttir
Alexandra Briem
Anaïs Barthe
Anna Wojtynska
Auður Jörundsdóttir
Ása Hauksdóttir
Ásgeir Helgi Magnússon
Ásgerður G. Gunnarsdóttir
Ásmundur Jónsson
Ástrós Guðjónsdóttir
Birta Guðjónsdóttir
Bjarndís Helga Tómasdóttir
Björg Jónsdóttir
Brynhildur Guðjónsdóttir
Cheryl Kara
Cristina Agueda
Diljá Ámundadóttir Zoëga
Dögg Sigmarsdóttir
Dorothée Kirch
Edda Ívarsdóttir
Egle Sipaviciute
Eir Ólafsdóttir
Ellen J. Calmon
Erling Jóhannesson
Eva Rún Snorradóttir
Fjóla Guðmundsdóttir
Friðrik Friðriksson
Gíslína Petra Þórarinsdóttir
Gréta Arnarsdóttir
Greta Clough
Grímur Smári Hallgrímsson
Guðbrandur Benediktsson
Guðmundur Birgir Halldórsson
Guðný Guðmundsdóttir
Guðrún Dís Jónatansdóttir
Guja Dögg Hauksdóttir
Guja Sandholt
Halla Helgadóttir
Halla Þórlaug Óskarsdóttir
Hallveig Rúnarsdóttir
Harpa Rut Hilmarsdóttir
Helga Björg Kjerúlf
Hildigunnur Sverrisdóttir
Hjálmar Sveinsson
Hrafn Jónsson
Hrafnhildur Gunnarsdóttir
Hrönn Marinósdóttir
Hrönn Sveinsdóttir
Ingibjörg Sigurjónsdóttir
Ísak Óli Borgarsson
Ísis Helga Pollock
J.B.K. Ransu
Jelena Ćirić
Jóhannes Hrefnuson Karlsson
Jón Arnar Einarsson
Jón Ómar Árnason
Júlíana Rún Indriðadóttir
Karen Ýr Sigurbjörnsdóttir
Karl Kvaran
Kolbeinn Magnússon
Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir
Kolbrún Halldórsdóttir
Kristín Jóhannesdóttir
Kristín Valsdóttir
Kristín Viðarsdóttir
Lára Sóley Jóhannesdóttir
Lee Proud
Linde Rongen
Logi Bjarnason
Lukas Bury
Magnús Þór Þorbergsson
Margrét Erla Maack
Margrét Norðdahl
María Karen Sigurðardóttir
María Rut Reynisdóttir
Markús H. Guðmundsson
Markús Þór Andrésson
Martyna Karolina Daniel
Mazen Maarouf
Melkorka Ólafsdóttir
Nanna Gunnars
Orri Huginn Ágústsson
Ólafur Ásgeirsson
Ólafur Daði Eggertsson
Ólína Ákadóttir
Ólöf Arnalds
Ólöf K. Sigurðardóttir
Óskar Dýrmundur Ólafsson
Pawel Bartoszek
Pálína Jónsdóttir
Pálína Magnúsdóttir
Ragnheiður Elísabet Þuríðardóttir
Ragnheiður Maísól Sturludóttir
Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir
Ragnhildur Holm
Rebecca Scott Lord
Róbert Aron Magnússon
Rúrí
Sabina Westerholm
Sabine Leskopf
Selma Hreggviðsdóttir
Sigrún Inga Hrólfsdóttir
Sigrún Kristjánsdóttir
Sigurður Flosason
Sigurður Halldórsson
Sólveig Pálsdóttir
Stefán Eiríksson
Steinar Svan Birgisson
Stella Soffía Jóhannesdóttir
Sunna Ástþórsdóttir
Sunneva Hafsteinsdóttir
Svava Þorsteinsdóttir
Tinna Grétarsdóttir
Tinna Þorsteinsdóttir
Vala Þórsdóttir
Valgerður Rúnarsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir
Vigdís Jakobsdóttir
Wiola Ujazdowska
Þorgeir Sigurðsson
Þórey Einarsdóttir
Þorleifur Hauksson
Þröstur Helgason
Örn Þórðarson

## Ljósmyndir

Forsíðumynd Lost Horizons, Iceland Airwaves. Ljósmyndari: Ragnar Th. Sigurðsson.
Bls. 3 Menningarnótt í Reykjavík. Ljósmyndari: Ragnar Th. Sigurðsson.
Bls. 5 Málun regnbogagötunnar í Reykjavík á Hinsegin dögum. Ljósmyndari: Ólafur Daði Eggertsson.
Bls. 6-7 Hljómsveitin CYBER á Elskum plötubúðir. Ljósmyndari: Juliette Rowland.
Bls. 11 Sýningin Þín eigin bókasafnsráðgáta í Gerðubergi. Ljósmyndari: Leifur Wilberg Orrason.
Bls. 12 Teitur Magnússon heldur tónleika í gróðurhúsinu við pop-up safn Borgarbókasafnsins í Gróðurhúsinu í Lækjargötu. Ljósmyndari: Martyna Karolina Daniel.
Bls. 14 Bjöllukór Tónstofu Valgerðar og Högni Egilsson flytja verkið Turiya á Listahátíð í Reykjavík. Ljósmyndari: Magnús Elvar Jónsson.
Bls. 16-17 Arnór Bogason í karókí á menningarnótt í Reykjavík. Ljósmyndari: Ragnar Th. Sigurðsson.
Bls. 18 Fræðsla fyrir börn á Sjóminjasafni Reykjavíkur. Ljósmyndari: Juliette Rowland.
Bls. 20-21 Sirkus í bænum á Árbæjarsafni. Ljósmyndari: Hörður Sveinsson.
Bls. 23 Trúðarnir Momo og Silly Suzy (Alice Demurtas og Lauren Charnow) skemmta við pop-up safn Borgarbókasafnsins í Gróðurhúsinu í Lækjargötu. Ljósmyndari: Guðrún Dís Jónatansdóttir.
Bls. 25 Chromo Sapiens eftir Hrafnhildi Arnardóttur/Shoplifter í Listasafni Reykjavíkur. Ljósmyndari: Ólafur Daði Eggertsson.
Bls. 26-27 Tónleikar Korda Samfóníu í Hörpu. Ljósmyndari: Juliette Rowland.

# List og menning í Reykjavík 2030

Aðgerðaáætlun menningarstefnu

2021–2023



# Ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum

4 MENNTUN FYRIR ALLA

10 AUKINN JÖFNUÐUR

## 1. Reykjavíkurborg gerir öllum íbúum kleift að njóta lista og menningar á öllum æviskeiðum

### Aðgerð 1.1

**Kynningarmál MOF**

Miðlægt kynningarátak MOF unnið með viðeigandi skrifstofum borgarinnar. Sviðstjóri leggur fram kynningaráætlun vor 2022.

**Ábyrgð**
Forstöðumaður markaðsmála MOF

**Kostnaður**
50 m. í starfsmannakostnað, innan ramma 50 m. í verkefnafé, ekki fjármagnað.

**Tímaáætlun**
Áætlun tilbúin vor 2022

### Aðgerð 1.2

**Menningarkort ungmenna**

Stofna menningarkort fyrir 18-25 ára, sambærilegt við menningarkort fyrir eldri borgara, greitt einu sinni lágmarksgjald og gjaldfrjáls endurnýjun.

**Ábyrgð**
Forstöðumaður markaðsmála MOF

**Kostnaður**
1 m. ekki fjármagnað

**Tímaáætlun**
2022-2023

### Aðgerð 1.3

**Stafrænt menningarkort**

Menningarkortið gert stafrænt.

**Ábyrgð**
Forstöðumaður markaðsmála MOF

**Kostnaður**
Innan ramma stafrænnar vegferðar.

**Tímaáætlun**
2021-2023

**Mælikvarðar aðgerða undir markmiði 1**

- Skorkort MOF er nýtt við mælingar á aðgerðum um kynningarmál, ungmenni, barnarými og skólaheimsóknir.
- Þjónustukönnun Reykjavíkur er nýtt við mælingar á aðgerðum um menningarkort og fjölda heimsókna og ánægju með menningarstofnanir og viðburði borgarinnar út frá aldri, menntun, tekjum og móðurmáli.

# Ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum

4 MENNTUN FYRIR ALLA
10 AUKINN JÖFNUÐUR

## 1. Reykjavíkurborg gerir öllum íbúum kleift að njóta lista og menningar á öllum æviskeiðum

### Aðgerð 1.4

**App fyrir menningu og listir**

Greining á umfangi og kostnaði á einu appi fyrir alla menningu og listir í Reykjavík. Sem gagnast öllum söfnum, Bókmenntaborg, Tónlistarborg og er með öllum viðburðum og öðrum áhugaverðum upplýsingum sem tengjast menningu og listum í Reykjavíkurborg.

**Ábyrgð**
Stafrænn leiðtogi og forstöðumaður markaðsmála MOF

**Kostnaður**
Greining: Innan ramma MOF. Framkvæmd: Skoðað í samhengi við stafræna vegferð

**Tímaáætlun**
2023

### Aðgerð 1.5

**Ungmenni á menningarstofnunum**

Skoða þátttöku og hversu vel er komið til móts við ungmenni (13-18 ára) í menningarstofnunum borgarinnar. Kortleggja hvað er til, gera þarfagreiningu og aðgerðaáætlun. Skoða út frá mögulegu auknu samstarfi við framhaldsskóla.

**Ábyrgð**
Verkefnastjóri barnamenningar og forstöðumenn stofnana

**Kostnaður**
Greining: Innan ramma. Aðgerðir fjárhagsgreinar í næstu aðgerðaáætlun

**Tímaáætlun**
2022

### Aðgerð 1.6

**Barnarými í menningarstofnunum**

Gera skal ráð fyrir barnarýmum og unnið að úrbótum í þeim efnum þegar verið er að endurhanna eða byggja nýtt húsnæði fyrir menningu og listir.

**Ábyrgð**
Sviðsstjóri

**Kostnaður**
Innan fjárhagsramma bygginga

**Tímaáætlun**
Allt tímabil áætlunar

**Mælikvarðar aðgerða undir markmiði 1**

- Skorkort MOF er nýtt við mælingar á aðgerðum um kynningarmál, ungmenni, barnarými og skólaheimsóknir.
- Þjónustukönnun Reykjavíkur er nýtt við mælingar á aðgerðum um menningarkort og fjölda heimsókna og ánægju með menningarstofnanir og viðburði borgarinnar út frá aldri, menntun, tekjum og móðurmáli.

# Ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum

4 MENNTUN FYRIR ALLA

10 AUKINN JÖFNUÐUR

## 1. Reykjavíkurborg gerir öllum íbúum kleift að njóta lista og menningar á öllum æviskeiðum

### Aðgerð 1.7

**Barnamenningarhús**

Gerð þarfa- og fjármagnsgreining á stofnun Barnamenningarhúss.

**Ábyrgð**
Sviðsstjóri

**Kostnaður**
Greining: Innan ramma. Aðgerðir fjárhags-greindar í næstu aðgerðaáætlun

**Tímaáætlun**
2022-2023

### Aðgerð 1.8

**Listræn Barnamenningarhátíð**

Efla listrænt vægi Barnamenningarhátíðar með viðbótar fjárheimild, öflug listræn stjórnun og framleiðsla á listviðburðum. Áfram lögð áhersla á þátttöku fjölbreytts hóps barna óháð uppruna, efnahags og búsetu í borginni, með það að markmiði að ná sem best til fjölskyldna sem upplifa sig fyrir utan menningarlíf borgarinnar.

**Ábyrgð**
Verkefnastjóri barnamenningar

**Kostnaður**
4,5 m. ekki fjármagnað

**Tímaáætlun**
2022-2023

### Aðgerð 1.9

**Skólaheimsóknir á söfn og sýningar**

Endurskoða barnastarf safna út frá hvaða árgöngum og skólum er boðið sýningar, sníða prógramm þvert á stofnanir í samræmi við aðalnámskrá sem kemur til móts við alla árganga í nærumhverfi barna óháð aðgengi eða fjarlægð frá stofnunum.

**Ábyrgð**
Verkefnastjóri barnamenningar og forstöðumenn stofnana

**Kostnaður**
Innan ramma

**Tímaáætlun**
2022

**Mælikvarðar aðgerða undir markmiði 1**

- Skorkort MOF er nýtt við mælingar á aðgerðum um kynningarmál, ungmenni, barnarými og skólaheimsóknir.
- Þjónustukönnun Reykjavíkur er nýtt við mælingar á aðgerðum um menningarkort og fjölda heimsókna og ánægju með menningarstofnanir og viðburði borgarinnar út frá aldri, menntun, tekjum og móðurmáli.

# Ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum

4 MENNTUN FYRIR ALLA

10 AUKINN JÖFNUÐUR

## 1. Reykjavíkurborg gerir öllum íbúum kleift að njóta lista og menningar á öllum æviskeiðum

### Aðgerð 1.10

**Frístundakortið fyrir listnám**

Frístundakortið er lykilatriði í að jafna aðstöðu barna að listnámi óháð efnahag. Menningar, íþrótta- og tómstundaráð skal taka tillit til listnáms í sérverkefnum sem snúa að frístundakorti.

**Ábyrgð**
MÍT

**Kostnaður**
Innan ramma

**Tímaáætlun**
Allt tímabil áætlunar

### Aðgerð 1.11

**Varðveisluhúsnæði menningarverðmæta**

Geymsluhúsnæði fyrir Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn reist og varðveislumálum safnkosts komið í gott horf til framtíðar. Þarfagreining gerir ráð fyrir 2000m$^2$ sameiginlegri geymslu BSS og LR.

**Ábyrgð**
MÍT

**Kostnaður**
Þarf að fjárhagsgreina

**Tímaáætlun**
Fjárhagsgreining og áætlun unnin 2022-2023

### Aðgerð 1.12

**Menning og listir í borgarvefsjá**

Stofna til samtals við ábyrgðaraðila borgarvefsjár um útvíkkun á hlutverki hennar svo hún þjóni íbúum sem upplýsingatól um menningu og listir í borgarlandinu. Greining á umfangi og kostnaði sett fram. Dæmi um upplýsingar sem gætu átt heima í borgarvefsjá eru ljóðakort, útvarpsþættir um hverfi í samstarfi við RÚV, útilistaverk o.fl.

**Ábyrgð**
Stafrænn leiðtogi MOF

**Kostnaður**
Greining: Innan ramma MOF. Framkvæmd: Skoðað í samhengi við stafræna vegferð

**Tímaáætlun**
2022-2023

**Mælikvarðar aðgerða undir markmiði 1**

- Skorkort MOF er nýtt við mælingar á aðgerðum um kynningarmál, ungmenni, barnarými og skólaheimsóknir.
- Þjónustukönnun Reykjavíkur er nýtt við mælingar á aðgerðum um menningarkort og fjölda heimsókna og ánægju með menningarstofnanir og viðburði borgarinnar út frá aldri, menntun, tekjum og móðurmáli.

# Ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum

4 MENNTUN FYRIR ALLA

10 AUKINN JÖFNUÐUR

## 2. Fjölbreyttar menningarstofnanir borgarinnar gegna lykilhlutverki í framkvæmd menningarstefnunnar

### Aðgerð 2.1

**Stefna Borgarbókasafns**

Stefnu safnsins viðhaldið og hún uppfærð.

**Ábyrgð**
Forstöðumaður Borgarbókasafns

**Kostnaður**
Innan ramma BBS

**Tímaáætlun**
